

SAMKOMULAG

Auk þeirra ákvæða sem felast í kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins – SA- og Starfsgreinasambands Íslands –SGS- dags. 3. apríl. 2019 hefur orðið samkomulag um framlengingu eldri sérákvæða og ákvæðisvinnusamninga í Vestmannaeyjum sem hér segir:

Matar- og kaffitímar í yfirvinnu – greinar 2.5. og 3.2. í aðalkjarasamningi.

- 2.5.3. Oheimilt er að afskrá fólk úr vinnu þegar komið er að kaffi- eða matartíma í yfirvinnu (undanskilinn kvöldmatartími), skulu þá þeir kaffi- og matartímar greiddast til viðbótar hinum unna tíma
- 3.2.1. Sé yfirvinna unnin, skal matartími vera kl. 19.00-20.00.
- 3.2.2. Sé yfirvinna unnin, skulu kaffitímar vera kl. 22.00-22:20, 01.00-01:20, 03.00-03:30, 05:00-05:20. Ef verkamaður hefur störf einni klst. eða fyrr áður en dagvinna hefst, skulu síðustu 15 mínútur vera kaffitími, sbr. gr. 2.1 í aðalkjarasamningi.

Ákvæðisvinnusamningur um vinnu við fisklandanir og við upp- og útskipun.

Ákvæðisvinnusamningur Drífandi og Vinnslustöðvarinnar hf. v/ Hafnareyrar hf. dags. 20. maí 2019 hefur verið yfirfarinn og tekur sömu breytingum og verða á akkorðsliðum og öðrum launaliðum og aðalkjarasamningur SA og SGS dags. 3. apríl. 2019 og hefur sömu uppsagnarákvæði og gildistíma.

Samningur um útskipun á fiskmjöli

Samningur Drífanda stéttarfélags og Ísfélags Vestmannaeyja hf. og Vinnslustöðvarinnar frá 17. des.2004 um útskipun á fiskmjöli í stórsekkjum tekur sömu breytingum og verða á greiðslu hreins akkorðs og launaliðum kjarasamnings SGS og SA dags. 3. apríl 2019.

Framlenging á samkomulagi um daglegan vinnutíma .

Jafnframt framlengjast samkomulög um daglegan vinnutíma í fiskvinnslu Ísfélags Vestmannaeyja dags. 16. febr. 2008 - og Vinnslustöðvarinnar dags. 2. júní 2005 og hjá starfsmönnum í fiskmjölsverksmiðjum VSV og ÍV dags. 15. nóv. 2006. Endurskoðunar/uppsagnarákvæði þeirra yfir á samningstíma nýs kjarasamnings SA-SGS dags. 3. apríl 2019, þó með þeirri breytingu að gagnkvæmur uppsagnarfrestur hvors aðila verður 6 mánuðir mv. mánaðarmót innan tímabilsins.

Vestmannaeyjum 6. desember 2019

Fh. Drífanda stéttarfélags

Sam Gæddur
Stjórnir Gíblasona
Selastær Einar
Unnir R.E.
Sigurður Finsson
Jigungr - Þorkell

Fh. SA, Vinnslustöðvarinnar og Ísfélags Vm.

Kirja Bj.
Svein Friðriksson
Sindri Viðarsson